

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Þjórshólts.

Í skipulaginu felst að gert er ráð fyrir 5 frístundalóðum á bilinu 2,9-3,8 ha að stærð. Hámarksstærð húsa er 150 m² og að auki má reisa 50 m² aukahús og 15 m² smáhýsi. Hámarkshæð húsa er 7,5 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. maí 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2008